

Komið þið sæl og blessuð.

Undirritaður tók þátt í heimsmeistarkeppni standandi fuglahunda **WORLD CHAMPIONSHIP FOR POINTING DOG & SCT. HUBERTUS CUP** sem haldin var í danmörku dagana 19-21 október 2016. Þátttaka mín hefði ekki verið möguleg nema með ykkar hjálp og langar mig að þakka kærlega eftirfarandi aðilum fyrir að mín þátttaka varð að veruleika.

Vorsteheild HRFI á Íslandi sem var mér innanhandar og aðstoðuðu mig eftir fremsta megni svo allt færi eftir settum reglum og boðleiðum.

Stjórn HRFI sem samþykkti mig sem fulltrúa fyrir Íslands hönd í keppninni.

Versluninni Bendi sem var sponsor minn í keppninni.

Og svo ber mér að sjálfsögðu að minnast á þakkir til danska kennelklúbbsins sem héldu stórglæsilegt mót og tóku virkilega vel á móti mér. Það var gaman að finna hvað ég var velkominn en þeir leggja mikið í að taka vel á móti nýliðum.

Var mér færð gjöf af tilefninu sem ég hyggst áframsenda á Vorsteheild HRFI. Finnst hún eiga heima í þeirri deild.

En í stuttu máli var þetta rosalega gaman og lærdómsríkt. Þarna öðlaðist ég reynslu sem vonandi á eftir að nýtast í framtíðinni hvort heldur mér eða öðrum. Ég var stoltur keppandi fyrir Íslands hönd og því mun ég aldrei gleyma.

Það er aldrei að vita nema ég skrifi fljótlega um reynslu mína af þessu móti en það gæti verið gaman fyrir áhugasama að lesa um.

Kærar þakkir öll

Kær kveðja frá Noregi

Bergþór S Antonsson